

Fræðsluhefti **fyrir Soroptimista í** **Evrópusambandi Soroptimista**

Soroptimistasamband Íslands
2. útgáfa 2008

EVRÓPUSAMBAND SOROPTIMISTA FRÆÐSLUHEFTI


Efnisyfirlit


Heimshlutasamböndin fjögur (mynd)	3
Alþjóðasamband Soroptimista (SI)	5
Hvernig við kynnum okkur/Verkefnakjarni/Verkefni/Alþjóðaðing	
Evrópusamband Soroptimista (SI/E)	6
Stjórn og skrifstofa/Sendifulltrúaráð/Ráðgjafaraðild/Verkefni og þema/Sjóðir/Vinaklúbbatengsl/Ráðstefnur/Soroptimistaárið	
Félagsgjöld (mynd)	8
Landssambönd	9
Stjórn og fundir/Fulltrúaráð	
Landssambandsforseti	9
Skýrslur	
Klúbbar	10
Tegundir klúbba/Klúbbstarfið/Félagar/Stjórn/Klúbbar í landssambandi/ Stakir klúbbar	
Klúbbformaður	10
Stjórn klúbbfunda /Formenn stakra klúbba	
Boðleiðir og útgáfur	11
Samskipti/Fréttabréf og tímarit	
Verkefni	12
Hvað er verkefni?/Fjáröflun/Almannatengsl/Skýrslugerð (PFR)	
Ferli PFR skýrslna (mynd)	14
Samskipti milli félaga og Soroptimistasamtakanna	15
Hvað hafa samtökin í boði fyrir Soroptimista?/Hvað eiga félagar að gefa Soroptimistasamtökunum?	
Útbreiðsla	15
Hvar er hægt að finna hæfa félaga?/Hvernig nálgumst við þessar konur?/ Hvernig hvetjum við félaga þátttöku?/Hugmyndir að árangursríkum verkefnum/ Hvað ber að varast	
Hugtök og skammstafanir	19
Viðauki 1 PFR-skýrslugerð - hvað, hvers vegna, hvernig og hvenær	22


Inngangur


Þetta rit er ætlað til þjálfunar og fræðslu, það getur verið nytsamlegt við öflun nýrra félaga og við undirbúning stofnunar nýrra klúbba. Þeir sem annast fræðsluna verða jafnframt að nýta eigin dómgreind, þekkingu og reynslu til að bæta við þau undirstöðuatriði, tillögur og tilmæli sem finna má í þessu hefti. Hópurinn sem fær fræðsluna skiptir einnig máli: hverjir það eru, hvaðan þeir koma, þekking þeirra á samtökunum og hvers þeir vænta af fræðslunni. Fræðsluefnið verður uppfært og vankantar lagfærðir um leið og reynsla kemur á notkunina. Innlegg þeirra sem sjá um þjálfunina mun móta framtíðarútlit ritsins.


HEIMSHLUTASAMBÖNDIN FJÖGUR



 Ameríkusambandið (SI/A)

 Evrópusambandið (SI/E)

 Suð-vestur Kyrrahafssambandið
(SI/SWP)


 Bresk-írská sambandið
(SI/GBI)

Alþjóðasamband Soroptimista (SI) hefur um 91.000 félaga í 125 löndum og er alþjóðasamtök kvenna í stjórnunar- og starfsgreinastéttum sem hafa að leiðarljósi hjálpar- og þjónustustörf til að efla mannréttindi og stöðu kvenna.

Sem frjáls félagasamtök (Non-governmental organisation, NGO) með almennu ráðgjafahlutverki innan Sameinuðu þjóðanna (SÞ) hafa fulltrúar Soroptimista beinan aðgang og málfrelsi í stofnunum SÞ í New York, Genf, Vín, Róm, Nairobi og París.

Fyrsti Soroptimistaklúbburinn var stofnaður árið 1921 í Kaliforníu. Nafn samtakanna er úr latínu og kemur af orðunum *soror* og *optima* þýtt sem *það besta fyrir konur* („besta systir“).

Fyrsti klúbburinn í Evrópu var stofnaður í París árið 1924 af dr. Suzanne Noël lýtalækni sem jafnframt stofnaði Evrópusamband Soroptimista (SI/E) árið 1928.



ALÞJÓÐASAMBAND SOROPTIMISTA (SI)

Hvernig við kynnum okkur: „Við erum alþjóðleg samtök fyrir konur í stjórnun og öðrum sérhæfðum störfum og vinnum að verkefnum til að efla mannréttindi og stöðu kvenna.“

Verkefnakjarni

Á fjögurra ára fresti, á stjórnarfundum Alþjóðasambandsins sem er undanfari alþjóðþingis, semur stjórn SI nákvæma leiðsagnaráætlun, sem kallast *verkefnakjarni (Program Focus)* og virkar sem uppspretta hugmynda að verkefnum fyrir klúbba.

Verkefnakjarni 2007-2011 tengist þúsaldarmarkmiðun Sameinuðu þjóðanna um þróun og nær yfir mikilvægustu áskoranir í samfélagi okkar sem endurspeglast í hinum sex verkefnasviðum SI á eftirfarandi hátt:

- Mannréttindi og staða konunnar
- Menntamál (SI/E hefur bætt menningarmálum við)
- Efnahags- og félagsleg þróun
- Umhverfismál
- Heilbrigðismál
- Alþjóðleg vinátta og skilningur

Verkefni

Á sama stjórnarfundum ákveður stjórn SI jafnframt sameiginlegt verkefni, svokallað „fjögurra ára verkefni SI“, en það eru heimshlutasamböndin sem koma með tillögu að þeim til skiptis. Verkefni SI 1999-2003, *Limbs for Life*, var unnið samkvæmt tillögu SI/E í samvinnu við Alþjóðanefnd Rauða krossins og laut að stuðningi við fórnarlömb jarðsprengna í Afganistan, Angóla og Georgíu. Verkefni SI 2003-2007 var samkvæmt tillögu SI/A og nefndist *Project Independence, Women Survivors of War* og miðaði að því að hjálpa konum að byggja upp líf sitt eftir hörmungar stríðs, þjóðarmorða og annars ofbeldis í Afganistan, Bosníu og Rúanda. Verkefni SI 2007-2011 er samkvæmt tillögu SI/GB&I og nefnist *Sierra, fjölskylda og framtíð* í Sierra Leone. Markmið verkefnisins er að styðja ungar einstæðar mæður, götubörn og fjölskyldur þar sem hætta er á upplausn vegna fátæktar. Vegna áskorana félaga skoðar SI möguleika á að alþjóðleg verkefni nái yfir lengri tíma en fjögur ár þar sem þau mundu þá skila meiri sýnilegum árangri.

Þann 10. desember ár hvert er mannréttindadagur SP og jafnframt Soroptimistadagurinn. Þá býður forseti SI öllum Soroptimistum að leggja sitt af mörkum til ákveðins verkefnis. Árið 2007 bar verkefnið yfirskriftina *Restoring Dignity* og var það í formi styrks til Addis Ababa Fistula sjúkrahússins í Eþíópíu sem er eina sérhæfða sjúkrahúsið í heiminum sem aðstoðar konur með fistil í kjölfar fæðingar (í Addis Ababa er klúbbur sem tilheyrir SI/E).

Alþjóðþing

Alþjóðasambandsþing er haldið fjórða hvert ár. Það var haldið í Helsinki árið 1999 og í Sydney árið 2003, í Glasgow árið 2007 og verður haldið í Montreal árið 2011.

EVROPUSAMBAND SOROPTIMISTA (SI/E)

Stjórn og skrifstofa

Í stjórn SI/E eiga sæti forseti, verðandi forseti, fráfarandi forseti, tveir varaforsetar, gjaldkeri og ritari, kosnir eftir framboðum frá landssamböndunum. SI/E hefur auk þess nefndir; laga-nefnd, útbreiðslunefnd og námsstyrkjanevnd, einn fjármálastjóra, sex verkefnastjóra, yfirverkefnastjóra og ritstjóra tímarits sambandsins. Stjórn SI/E fundar tvisvar á ári og er aðsetur sambandsins heimilisfang forseta hverju sinni. SI/E hefur skrifstofu með föstu aðsetri, þekkt sem „SEP“ (grein X, í reglugerð SI/E) og hefur tvö opinber tungumál, ensku og frönsku (grein I, liður 8, í lögum SI/E).

Sendifulltrúaráð og sendifulltrúafundir

Sendifulltrúaráðið, sem fer með ákvörðunarvald SI/E, er myndað af tveimur sendifulltrúum frá hverju landssambandi auk eins sendifulltrúa frá klúbbunum í Liechtenstein, Monaco og San Marino. Sendifulltrúar koma saman einu sinni á ári á aðalfundi sem kallaður er sendifulltrúafundur (grein IV í lögum SI/E; grein XI í landssambandslögum; grein I í reglugerð SI/E).

Ráðgjafaraðild

SI/E hefur þátttökuheimild í Evrópuráðinu (Council of Europe) í Strassborg í Frakklandi, það er meðlimur í The European Women's Lobby (EWL) í Brussel og á fulltrúa hjá Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu (OSCE) í Vín (sjá Handbók um Soroptimistahreyfinguna, 2003, s. 67).

Verkefni og þema

Sem eitt af heimshlutasamböndunum fjórum innan SI, hefur SI/E verkefnakjarna (Programme Focus) sem SI gefur út, til hliðsjónar þegar forseti SI/E ákveður sérstakt verkefnaþema. Þangað sækja klúbbar innblástur þegar verkefni eru ákveðin (sjá Handbók um Soroptimistahreyfinguna, 2003, s. 13). Dæmi um þemu eru eftirfarandi:

- Menntun – lykillinn að framförum (1987-1989 og 2001-2003)
- Börn og ofbeldi (1997-1999)
- Inn í 21. öldina með æskunni (1999-2001)
- Konur vinna að friði (2003-2005 og 2005-2007)
- Soroptimistar helga sig vatni (2007-2011)

Sjóðir

SI/E hefur umsjón með fjórum sjóðum sem fá framlög sín frá árgjöldum félaga:

- *Samstöðusjóður* styður staka klúbba og landssambönd sem eiga í erfiðleikum með að standa skil á greiðslum til SI/E (sjá Handbók um Soroptimistahreyfinguna, 2003, s. 53).
- *Viðlagasjóður* veitir fjárhagsaðstoð þegar hamfarir verða eða neyðarástand skapast, hann er ætlaður til stuðnings mannúðarmálum og til að koma af stað fræðsluverkefnum fyrir konur í löndum þar sem Soroptimistaklúbbar starfa eða eru í undirbúningi (sjá Handbók um Soroptimistahreyfinguna, 2003, s. 50).
- *Námsstyrkjasjóður* úthlutar námsstyrkjum til stuðnings konum til frekara fagnáms, þjálfunar og/eða endurmenntunar (sjá Handbók um Soroptimistahreyfinguna, 2003, s. 50).

- *Dr. Noël sjóður* er í umsjón franska landssambandsins, hann er ætlaður fyrir kvenlýtalækna til að sérhæfa sig á sínu sviði (frekari upplýsingar fást hjá forseta franska landssambandsins).

Vinaklúbbatengsl

Vinaklúbbatengsl eru mynduð milli klúbba í ólíkum löndum, annað hvort innan heimshlutasambands eða milli heimshlutasambanda. Vinaklúbbatengsl koma á persónulegum tengslum, veita tækifæri til sameiginlegra verkefna og til heimsóknna. Umsóknareyðublöð og nánari upplýsingar fást hjá „SEP“ (sjá Handbók um Soroptimistahreyfinguna, 2003, s. 45). Á www.soroptimisteurope.org er að finna upplýsingar um vinaklúbbatengsl.


Ráðstefnur

Á tímabilinu á milli tveggja alþjóðþinga er haldið Evrópuþing sem starfandi forseti sér um ásamt fráfarandi forseta.

Soroptimistaárið

Soroptimistárið í SI/E hefst 1. október og endar 30. september. Allir embættismenn á öllum stigum innan SI/E hefja embættisárið þann 1. október (grein XIX í lögum SI/E).

Félagsgjöld



Í maí á hverju ári sendir gjaldkeri SI/E spurningalista vegna félagatals til gjaldkera landssambanda og fommanna stakra klúbba.

LANDSSAMBÖND

Til að stofna landssamband eru gerðar kröfur um að lágmarki fjóra klúbba með að minnsta kosti 100 félaga (grein VII, liður 3 í reglugerð laga SI/E). Aðsetur landssambands er heimili forseta hverju sinni eða þar sem skrifstofa landssambands er staðsett (grein I, liður 4 í landssambandslögum).

Stjórn og fundir

Stjórn landssambands er byggð upp eins og stjórn SI/E og hefur sams konar nefndir, verkefnastjóra og aðra embættismenn eins og getið er um í landssambandslögum og reglugerð landsambandslaga. Embættistími stjórnarmeðlima er tvö ár. Landssambandsstjórn heldur að minnsta kosti fjóra stjórnarfundir á ári (grein VI, liður 7 í landssambandslögum).

Fulltrúaráð

Fulltrúaráðið fer með yfirstjórn landssambands. Í fulltrúaráði eru tveir fulltrúar úr hverjum klúbba sem funda einu sinni á ári (grein V í landssambandslögum).

LANDSSAMBANDSFORSETI

Landssambandsforseti er kosinn til tveggja ára í senn. Hann er æðsti embættismaður landssambandsins. Hann sjálfur, eða fulltrúi hans, kemur fram fyrir hönd landssambandsins. Verkefnum forseta er lýst í grein VII í landssambandslögum. Auk þess skal forseti:

- vera í sambandi við klúbbformenn, hlusta á vandamál þeirra og vangaveltur og vera á allan hátt vakandi yfir velferð klúbbanna
- miðla eins fljótt og unnt er upplýsingum sem hann fær frá SI/E eða annars staðar frá og stjórna landssambandinu í góðu samstarfi við stjórn og aðra embættismenn sambandsins
- hafa yfirsýn yfir starfsemi innan landssambandsins og sjá til þess að háum kröfum til siðgæðis sé fylgt eins og SI gerir kröfu til
- fylgjast með og hvetja til útbreiðslu og stofnunar nýrra klúbba.

Að virða eindaga og lög samtakanna í öllum málum og á öllum stigum leiðir til auðveldari og skilvirkari stjórnunar. Forseti á að vera fyrirmynd annara. Samskipti hans við SI/E, annað hvort beint eða í gegnum embættismenn landssambandsins, eru mikilvægur hluti af ábyrgðarsviði forseta. Í þessu felst m.a. skýrslugerð, viðhald félagatals, greiðsla félagsgjalda og önnur samskipti við forseta SI/E, stjórn þess eða „SEP“.

Skýrslur

Á fyrstu mánuðum Soroptimistaársins verða landssambönd að leggja fram ársskýrslur til SI/E sem ná yfir nýliðið Soroptimistaár (1. október - 30. september) samkvæmt þeim leiðbeiningum sem SI/E gefur hverju sinni.

KLÚBBAR

Tegundir klúbba

Til eru tvær gerðir af klúbbum innan heimshlutasambanda:

- a) klúbbar innan landssambanda
- b) stakir klúbbar (þ.e. klúbbar í löndum þar sem ekki hefur verið stofnað landssamband).

Í nokkrum löndum þarf að sækja um leyfi til hins opinbera fyrir skráningu klúbba.

Klúbbstarfið

Sérhver klúbbur þarf að halda að minnsta kosti 10 klúbbfundi á ári. Klúbbfélagar þurfa að sækja að minnsta kosti fimm þessara funda nema ef sótt hefur verið um leyfi frá fundarsókn (grein X í klúbblögum).

Félagar

Flokkun félaga er samkvæmt V. og VI. grein klúbblaga. Þegar klúbbur er stofnaður formlega þurfa að vera í honum að minnsta kosti 15 virkir félagar úr störfum sem krefjast starfsmenntunar, starfa við viðskipti eða annað sem gerir svipaðar kröfur til þekkingar og ábyrgðar (grein IV, liður 2 í lögum SI).

Stjórn

Stjórnunar- og framkvæmdavald klúbba skal vera í höndum stjórnar sem skipuð er formanni, varaformanni (varaformönnum), ritara, gjaldkera og fleiri í samræmi við ákvæði í reglugerð (grein IX í klúbblögum).

Klúbbar í landssambandi

Tveir kjörnir fulltrúar fara með umboð klúbbsins innan landssambands.

Stakir klúbbar

Stakir klúbbar starfa á ábyrgð SI/E (grein XIV, liður 2 í lögum SI/E). Stjórn SI/E býður þeim til skiptis að senda einn fulltrúa til að sitja árlegan sendifulltrúafund og er kostnaður greiddur af sambandinu.

Stakir klúbbar hafa sín eigin lög samin af SI/E og eigin reglugerð sem samin er af klúbbum í samræmi við gildandi lög SI/E. Stakir klúbbar hafa ekki kosningarétt innan sambandsins nema klúbbarnir í Liechtenstein, San Marino og Monaco (sbr. reglur um sendifulltrúafundi). Stakir klúbbar sem hafa starfað í 5 ár eða lengur geta sent framboð til verkefnastjóra SI/E. Á fyrstu mánuðum nýs Soroptimistaárs verða stakir klúbbar að senda skýrslur um starfsemi klúbbsins til SI/E sem nær yfir nýliðið starfsár (1. október - 30. september).

KLÚBBFORMAÐUR

Formaður klúbbs gegnir sama hlutverki innan klúbbs og forseti innan landssambands. Hann ber sömu ábyrgð innan klúbbsins. Honum ber að virða og starfa samkvæmt lögum klúbbsins, landssambandslögum og lögum SI. Hann hefur sömu ábyrgð um skil á skýrslum, upplýsingum, samstarfi við stjórn og greiðslu félagsgjalda. Einnig ber honum að hafa yfirsýn yfir alla starfsemi klúbbsins.

Klúbbarnir eru grunnurinn sem öll samtökin byggja á

Til þess að tryggja virkni félaga þarf að vera gott flæði upplýsinga í formi fundargerða, forsetabréfa og upplýsinga um störf landssambanda og heimshlutasambanda. Ef upplýsingaflæði er slæmt getur það dregið úr áhuga félaga á að taka virkan þátt í starfi klúbbsins. Klúbbformaður, með góðri aðstoð stjórnar, þarf að koma því til skila að sérhver félagi sé nauðsynlegur hlekkur í starfi klúbbsins og verkefnum hans, hversu lítið sem starf hans kann að vera. Hann verður að virkja alla í því að fá nýja félaga og sinna þeim eldri það vel að enginn hætti. Þetta er einungis hægt ef allir sýna tillitssemi og félagarnir umgangast hver annan af umburðarlyndi, vináttu og skilningi.

Hvernig á að stjórna fundi

Klúbbformaður þarf að vera vel undirbúinn fyrir hvern fund og leggja fram skriflega dagskrá á fundinum sem m.a. felur í sér:

- fréttir úr klúbbum, frá landssambandi, SI/E og/eða öðrum embættismönnum (stuttar fréttir úr fréttablöðum samtakanna t.d. útdrátt úr *The Link* og *Soroptimist International* ef félagarnir eru ekki allir áskrifendur)
- boð um þátttöku í auglýstum viðburðum
- umræður um núverandi verkefni eða þau sem eru fyrirhuguð
- tillögur að nýjum félögum og kynning á þeim.

Halda skal aðalfund einu sinni á ári og skal boða til hans með skriflegri dagskrá (grein X í klúbbblögum og grein 6, liður 2 í klúbbreglugerð).

Ávallt er rétt að hefja fund á því að kveikja á fjórum kertum.

- 1. kertið er kveikt fyrir klúbbinn
- 2. kertið er kveikt fyrir landssambandið
- 3. kertið er kveikt fyrir Evrópusamband Soroptimista
- 4. kertið er kveikt fyrir Alþjóðasamband Soroptimista.

Formenn stakra klúbba

Formenn stakra klúbba heyra beint undir SI/E í stað landssambands. Að öðru leyti er starf þeirra og skyldur þær sömu og formanna innan landssambands. Þeim er nauðsynlegt að stofna til nýrra klúbba með aðstoð útbreiðslunefndar SI/E. Um leið og fleiri klúbbar eru stofnaðir minnkar einangrun og tækifæri gefast til að takast á við sameiginleg verkefni.

BOÐLEIÐIR OG ÚTGÁFUR

Á öllum stigum félagsstarfsins ber að fara að lögum (lögum klúbba, landssambands, SI/E og SI) og tilsvarende reglugerðum. Klúbbreglugerðin má ekki brjóta í bága við lögin. Forseti landssambands og formenn klúbba þurfa að kunna vel lög og reglugerðir sem þeir starfa eftir og er ráðlegt að vera með eintak af þeim á hverjum fundi (lög SI/E er hægt að nálgast á læstu svæði á vef SI/E www.soroptimisteurope.org eða biðja um að fá þau send í pósti frá stjórn landssambands).

Samskipti

Boðleiðir eru í báðar áttir frá klúbbfélögum til landssambanda og stökum klúbbum til SI/E og áfram til SI og eins til baka. Samskipti eru grundvallaratriði til þess að nálgast og senda upplýsingar, þau stuðla að samstöðu og þannig læra félagar hver af öðrum.

Fréttabréf og tímarit

Alþjóðasambandið gefur ársfjórðungslega út fréttablað á ensku *The International Soroptimist*. SI/E kaupir í áskrift eintök sem send eru ákveðnum embættismönnum klúbba og landssambanda, formönnum klúbba og verkefnastjórum landssambanda og stakra klúbba. Aðrir félagar verða sjálfir að gerast áskrifendur. SI/E gefur blaðið út á frönsku en útgáfan er kostuð af frönskumælandi áskrifendum. Frönsku útgáfunni er dreift ókeypis til embættismanna í stað þeirrar ensku ef þess er óskað.

SI/E gefur blaðið *The Link* út ársfjórðungslega á ensku og frönsku og sendir það ókeypis til embættismanna landssambanda og formanna stakra klúbba. Aðrir félagar þurfa að gerast áskrifendur. Hægt er að sækja um áskrift á www.soroptimisteurope.org.

Landssambönd gefa út fréttabréf á eigin tungumáli.

VERKEFNI

Hvað er verkefni? Hvernig á að stofna til árangursríks verkefnis?

SI/E, landssambönd og/eða klúbbar geta sett af stað verkefni en það eru klúbbarnir sem eru burðarvirkið í hverju verkefni. Verkefnum er ætlað að bæta hag einstaklinga, hópa eða samfélagsins í heild. Góð verkefni gera Soroptimistahreyfinguna sýnilegri. Góðgerðarstarfsemi er ekki alltaf verkefni í sjálfu sér þar sem hún breytir sjaldnast stöðu þiggjandans.

Verkefni getur verið bein þátttaka en getur einnig falist í því að vekja athygli á einhverju, það getur falið í sér forvörn, viðhorfsbreytingu til þess að forðast átök eða komið í veg fyrir sjúkdóma eða skaðlegar hefðir. Verkefni krefjast ekki alltaf fjármagns heldur skuldbindingar og virkrar þátttöku.

Tillögur að fjármögnun verkefna

Fjáröflun/styrkveiting

Vekið athygli fólks á greinargóðan hátt á hvert markmiðið er og hvað það er sem þið þurfið til þess að ná settu markmiði. Persónuleg samskipti og áhugi á verkefninu hefur jákvæð áhrif á styrktaraðila. Verið varkár við val á stuðningsaðilum því ekki eru öll félög vönd að virðingu sinni eða hafa sömu siðferðislegu markmið og Soroptimistar. Val styrktaraðila getur haft áhrif á ímynd Soroptimista.

Framkvæmd fjáröflunar

Aðferðir sem hægt er að beita við fjáröflun eru bréf, persónuleg samtöl, símtöl, tölvupóstur, kynningarblöð, viðburðir, samstarf við fjölmiðla og að ganga í hús. Fjáröflun getur falist í margs konar aðgerðum, allt frá því að safna vinningum í smáhappadrætti, fá ókeypis húsnæði fyrir ráðstefnur, tónleika, markaði eða skemmtanir og til þess að fá umtalsverða styrki frá stuðningsaðilum. Sjálfsagt er að nota öll sambönd, tengslanet og sérþekkingu félaganna. Gott samstarf við bæjar- og sveitarstjórnir eykur kynninguna og líkurnar á að fá styrki frá utanað

komandi aðilum. Sameiginleg verkefni með vinaklúbbum er dæmi um leið til þess nýta vel sérþekkingu og dreifa kostnaði.

Almannatengsl (PR)

Klúbbar eiga að reyna að hafa gott samband við fjölmiðla (blöð, útvarp og sjónvarp) vegna þess að það skiptir máli. Til þess að auðvelda það starf er rétt á útbúa almannatengslamöppu/ kynningarmöppu.

Almannatengslamappa

Almannatengslamappa eða kynningarmappa er nauðsynleg til þess að komast í rétt sambönd. Efnid er ætlað fjölmiðlafólki þegar því er boðið til kynningar á málefnum og nýjum verkefnum sem samtökin hafa stofnað til. Þetta er hentugt verkfæri fyrir fjölmiðlafólk sem fær þá í hendur réttar upplýsingar frá samtökunum sem unnar eru af þekkingu. Meiri líkur eru þá á því að frétt sé sett fram á markvissan hátt.


Tilgangur almannatengslamöppu er að sýna fram á að það skiptir okkur máli að þær fréttir sem birtar eru séu réttar. Í möppunni geta verið mismunandi upplýsingar á stökum blöðum en neðst á hverju blaði á að vera nafn samtakanna og aðrar upplýsingar um samtökin.

Innihald almannatengslamöppu:

Blað 1	Titill
Blað 2	Útdráttur
Blað 3	Upplýsingar um verkefnið með skýrum fyrirsögnum, myndum eða súlurítum
Blað 4	Heildartexti eða samantekt á efninu eða ræða (ávarp)
Blað 5	Kynning á Soroptimistasamtökunum og markmiðum þeirra
Blað 6	Kynning á klúbbnum og verkefnum hans
Á síðasta blaði á að vera nafn, heimilisfang, netfang og sími tengiliðar.	

Skýrslur um verkefni

Skýrsla um öll verkefni innan klúbba skal send í formi Programme Focus Report (PFR). Það er hægt að gera beint á netinu á <http://reports.soroptimistinternational.org> eða senda skýrsluna til skrifstofu SI/E (SEP) sem viðhengi í tölvupósti eða í pósti. Ef skýrslurnar eru ekki unnar beint á netinu í gagnagrunn SI er hægt að útbúa þær á þar til gerðu eyðublaði sem má nálgast á vef Soroptimistasambands Íslands www.soroptimist.is eða á vef Evrópusambandsins www.soroptimisteurope.org. PFR skýrslugerðin er afar mikilvæg til að kynna verkefni klúbbanna og jafnframt virkar það hvetjandi fyrir aðra. Nánari upplýsingar er að finna í viðauka 1 *PFR-skýrslugerð - hvað, hvers vegna, hvernig og hvenær*. SI veitir verðlaun fyrir bestu verkefni á grunni innsendra PFR skýrslna og verkefni ykkar gæti verið valið. Verðlaunaverkefnum er lýst í fréttablaði SI og einnig í bæklingum í tengslum við ákveðin þemu sem eru í gangi hjá SI. Missið ekki af tækifæri til að kynna klúbbverkefni ykkar innan og utan samtakanna.



PFR: Program Focus Report

Skýrsla send hvenær sem er á tíma verkefnis og alltaf í lok verkefnis.

SAMSKIPTI MILLI FÉLAGA OG SOROPTIMISTASAMTAKANNA

Hvað hafa samtökin í boði fyrir Soroptimista?

Samtökin bjóða hagnýt tengsl og vináttu um allan heim, hvort sem um er að ræða í einka- eða atvinnuskyni. Það er hvetjandi og gefandi að vinna með konum að klúbbverkefni. Með því að starfa í klúbbsi gefst tækifæri til að skiptast á skoðunum og reynslu, auka skilning á samfélaginu og vandamálum umheimsins í smáu sem stóru.

Hvað eiga félagar að gefa Soroptimistasamtökunum?

Gefa þeim eins mikinn tíma og þeim er unnt til þess að vinna að markmiðum samtakanna. Munið þessi hvatningarorð:

- Að vinna að bættri stöðu kvenna.
- Að gera háar kröfur til siðgæðis.
- Að vinna að mannréttindum öllum til handa.
- Að vinna að jafnrétti, framförum og friði, með alþjóðlegri vináttu og skilningi.

Virkir klúbbfélagar geta nýtt sér þekkingu sína til þess að taka sæti í stjórn eða taka þátt í störfum klúbbsins á einhvern hátt. Hversu virkir félagarnir eru getur verið háð aðstæðum heima fyrir og á vinnustað. Aðrir félagar eiga að taka tillit til og skilja þessar aðstæður. Umburðarlyndi er stór þáttur í klúbbstarfi. Samt sem áður þurfa allir félagar einhvern tíman að taka að sér embætti.

ÚTBREIÐSLA

Lykill að árangursríkri útbreiðslu Útbreiðsla er á ábyrgð allra klúbbfélaga

Hvar er hægt að finna hæfa féлага?

- Úr kunningjahópnum – en ekki einungis vini.
- Úr fjölmiðlum.
- Eftir ábendingar úr ýmsum áttum.
- Úr þjónustugeiranum, viðskiptalífínu og ýmsum öðrum starfsgreinum.
- Hafði í huga sem flest svið atvinnulífsins.
- Þjóðið konum af öllum stigum en ekki aðeins langskólagengnum.
- Mikilvægt er að félagar séu á öllum aldri þó áherslan sé á að fá „yngri“ féлага.

Hvernig nálgumst við þessar konur?

Hér er dæmi um hvernig farið er að við stofnun nýs klúbbs:

- Bjóða til fundar álitlegum konum sem hafa áhuga. Allar ættu að hafa möguleika á að vera með því að áhugasamar konur geta þokað áfram markmiðum Soroptimista.
- Standa fyrir áhugaverðum fundi þar sem fram koma sannir Soroptimistar sem þekkja vel til SI, eru áheyrilegir og með mikla útgeislun.
- Það skiptir máli að væntanlegir félagar viti að hverju þeir ganga og séu fullir áhuga.

Ef næst til fimm eða fleiri áhugasamra nýrra félaga þá geta þeir myndað kjarna í nýjum klúbbi. Tillögur um nýja félaga koma síðan úr þessum hópi sem hefur margfeldisáhrif.

Hafið kjark til þess að tala við nýjar konur jafnvel þó að þið þekkið þær ekki. Takið áhættu. Það kemur oft á óvart hvernig konur eru við kynni, gefið þeim tækifæri en dæmið þær ekki fyrirfram. Félagar sem falla ekki inn í hópinn finna það fljótt og draga sig í hlé. Samt sem áður þarf að hafa kjark, ef einhver fellur ekki inn í hópinn, til þess biðja viðkomandi um að hætta. Konur sem ganga til liðs við klúbbinn á röngum forsendum geta truflað starfið, valdið leiðindum og klofið hópinn.

Hvernig er best að hvetja félaga til þátttöku?

Samfélagslegur áhugi

Samfélagslegur áhugi er mikilvægur hluti markmiða Soroptimista.

Tengslanet

Tengslanet hefur á sér nokkrar hliðar, t.d. starfslega, með því að mynda alþjóðleg vináttubönd. Tengslanet í gegnum starf felur í sér stuðning, beina aðstoð, ráðleggingar og gagnkvæma reynslu.

Félagslegur áhugi

Tilgangurinn er að breyta stöðu og hafa áhrif til langs tíma.

Dæmi:

- Bæta stöðu kvenna með aukinni menntun.
- Tryggja jafnrétti.
- Draga úr ólæsi.
- Hvetja aðrar konur til þess að breyta stöðunni (sjá verkefnakjarna SI 2007-2011).

Það er einungis hægt að fá ungar konur til þess að starfa með okkur með þessi markmið í huga og með því að höfða til félags- og mannréttindaáhuga. Framtíð Soroptimistasamtakanna byggist á því að fá til liðs við okkur áhugasamar og hæfileikaríkar konur.

Af hverju ganga sum verkefni vel en önnur ekki?

Hugmyndir að árangursríkum verkefnum og störfum

Það er áriðandi að velja réttu félagana til þess að vinna að útbreiðslu á öllum stigum. Áhugi félaga á setu í útbreiðslunefnd þýðir ekki endilega að starfið henti honum. Mörgum finnst þetta áhugavert verkefni en vanmeta raunverulega vinnu og sálfræðiþáttinn sem þarf að fylgja. Sama á við um „guðmóður“ hlutverkið sem oft er aðeins litið á sem heiðursnafnbót.

Félagar í útbreiðslunefnd og guðmóðir verða að vera vel að sér, hæfir og áhugasamir einstaklingar sem geta stuðlað að samvinnu félaga, eru málamiðlarar, einlægir og tilbúnir til þess að leggja mikið á sig. Þeir þurfa að setja teymisvinnu í forgang. Það eru ekki allir sem geta tekið þetta að sér og því þarf að vanda vel val félaga til þessarar vinnu.

Gott er að þjálfra félaga í útbreiðslunefnd, væntanlegar guðmæður og stofnformenn í þessum störfum.

Leggja þarf áherslu á það við alla Soroptimista að útbreiðsla sé þeirra mál

- Verið á höttunum eftir öllum áhugaverðum konum.
- Sýnið þolgæði.
- Þjóðið reglulega nýjum félögum til þátttöku.
- Finnið réttan stofnformann, það er hann sem skiptir máli en ekki staðsetning klúbbsins.
- Leitið að, hafið samband við og hvetjið áhugasamar konur með rétta hugarfarið í nálægum bæjum með það í huga að stofna nýjan klúbb.
- Hvetjið klúbba til þess að gerast stuðningsklúbbar (þetta getur aukið áhuga, einnig á verkefnum SI).
- Væntanleg guðmóðir þarf að styðja við klúbbinn allan undirbúningstímann, vera viðstödd allar kynningar og vera í góðu sambandi við útbreiðslunefnd.
- Kynnið fyrir væntanlegum félögum hvað er á seyði innan landssambands og SI/E (lesið bréf, tilkynningar og þjóðið þeim að taka þátt í viðburðum, þar með talið innan SI).

Eftirfylgni

- Reynið að fá tvo nýja félagi á ári (helst unga).
- Komið ekki í veg fyrir að nýr klúbbur sé stofnaður í sama sveitarfélagi. Samkeppni getur haft jákvæð áhrif á gamla klúbbinn.
- Gerið klúbbfundi áhugaverða með athyglisverðum fyrirlestrum og verkefnum.
- Skipuleggið fundina vel.

Það sem skiptir mestu máli

Sýnið persónulegan áhuga á nýjum klúbbum og félögum hans og hvetjið þá til þess að starfa að markmiðum Soroptimista.

Vandamál sem ber að forðast

- Gerast guðmóðir á röngum forsendum.
- Senda einungis upplýsingar bréflega.
- Góðar skriflegar upplýsingar eru nauðsynlegar en þeim þarf að fylgja persónulegur áhugi, leiðbeiningar og skoðanaskipti.
- Beita þrýstingi við stofnun klúbbs.
- Fá félagi sem lítið vita um Soroptimistasamtökin.
- Samþykkja inn í nýjan klúbb hóp af konum sem þekkjast (úr íþróttum, vinnu eða í gegnum vinasambönd) vegna þess að það getur leitt til klúbbs innan klúbbsins og skorts á jafnræði.

Röng stefna: Stofnum nýjan klúbb í XYbæ!

Rétt stefna: Ég þekki frábæra konu í XYbæ, hvernig væri að stofna nýjan klúbb með henni?

Það er akkur í því að skiptast á hugmyndum og reynslu

- Útbúið greinargóðan bækling um hvernig á að stofna nýjan klúbb sem einnig inniheldur svör við algengustu spurningum.
- Skiptist á reynslu á kynningarfundum.

Útbreiðsla er á ábyrgð allra Soroptimista!



Mikilvæg heimilisföng:

SEP (aðastöðvar SI/E í Genf)
72, route de Florissant
CH 1206 Geneva
Switzerland
siehq@soroptimisteurope.org

Vefur SI/Í: www.soroptimist.is
Vefur SI/E: www.soroptimisteurope.org
Vefur SI: www.soroptimistinternational.org

Nettengill SI/E er Patrick sem starfar á skrifstofu samtakanna, SEP:
webmaster@soroptimisteurope.org

Hugtök og skammstafanir

Action Fund	Viðlagasjóður - er ætlað að leggja fram skyndiaðstoð þegar um er að ræða náttúruhamfarir eða annað neyðarástand
Annual Report	Ársskýrslur landssambanda og stakra klúbba til SI/E
Application Form	Eyðublað sem hópur kvenna sem vinnur að stofnun nýs klúbbs undirritar.
Charter	Stofnskrá - undirritað skjal afhent af fulltrúa stjórnar SI/E við vígslu nýs klúbbs
Charter Ceremony	Stofnskrárhátíð nýs klúbbs
Club Year	Starfsár, frá 1. október til 30. september árið eftir, gildir á öllum stigum samtakanna
Coordinator	Verkefnastjóri
Congress (SI/E)	Evrópusambandsþing sem haldið er á 4 ára fresti milli alþjóðþinga SI
Constitution & By-Laws	Lög sem gilda fyrir öll samtökin og þeim ber að starfa samkvæmt. Reglugerðir eru samdar fyrir hvert landssamband og staka klúbba
Convention (SI)	Alþjóðþing er haldið á 4 ára fresti og er öllum Soroptimistum heimil þáttaka
CoE	Council of Europe, Evrópuráðið í Strassbourg (SI/E á sæti í tengslanefnd og sendir fulltrúa á fundi)
Database (SI)	Gagnagrunnur Alþjóðasambands Soroptimista í aðalstöðum SI í Cambridge Englandi. Þar hefur öllum PFR skýrslum verið safnað í mörg ár.
Database (SI/E)	Gagnagrunnur SEP sem geymir skýrslur embættismanna frá öllum stigum SI/E
Directory (Annuaire)	Árlegur nafnalisti yfir alla embættismenn SI/E og landssambanda, formenn og ritara klúbba, þar með talið stakra klúbba
ESD	Economic and Social Development - efnahags- og félagsleg þróun, eitt af verkefnasviðunum sex
Extension/Retention	Útbreiðsla, öflun nýrra félaga, stofnun nýrra klúbba eða halda í félagi.
EWL	European Women's Lobby (þrýstihópur kvenna innan Evrópuráðsins sem stendur vörð um réttindi kvenna)
Federation	Fjögur heimshlutasambönd sem mynda SI en innan hvers sambands gilda mismunandi reglur um landssambönd, svæðasambönd, klúbba og staka klúbba
Friendship grant	Vinaboð frá svæðasambandi, svæði eða klúbbi um ókeypis dvöl fyrir einn eða tvo einstaklinga í tiltekinn tíma
Friendship Link (FLs)	Vinaklúbbur í öðru landi eða öðru heimshlutasambandi (sameiginleg verkefni og eða vinabönd, gagnkvæmar heimsóknir)
Godmother	Guðmóðir - reyndur Soroptimisti sem vinnur að stofnun nýs klúbbs
Governor's Meeting	Sendifulltrúafundur, ársfundur sendifulltrúa. Fulltrúa stakra klúbba taka einnig þátt. Fundinum er stjórnað af forseta Evrópusambands Soroptimista í viðurvist allra embættismanna SI/E
Guidelines for Action	Leiðsagnaráætlun, hugmyndir að verkefnum (sjá Program Focus)

IGU	International Goodwill and Understanding - alþjóðleg vinátta og skilningur, eitt af verkefnasviðunum sex
IPP	Immediate Past President - fráfarandi forseti
NGO	Non-governmental organization - frjáls félagasamtök
OH-OD	Open heart – open door, Opið hjarta – Opnar dyr. Heimboðsverkefni alþjóðlegrar vináttu (sjá Handbók um Soroptimistahreyfinguna, 2003, s. 59)
OSCE	Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu í Vín en þar eiga Soroptimistar áheyrnarfulltrúa
PD (og APD)	Umsjónarmaður verkefna (og aðstoðarmaður umsjónamanns).
PP	Past President - fyrrverandi forseti
President-elect	Verðandi forseti – hann situr í stjórn í tvö ár áður en hann tekur við embætti
PFR	Program Focus Report (verkefnakjarnaskýrslu) sem skal senda reglulega annað hvort rafrænt í gegnum vefinn http://reports.soroptimistinternational.org eða senda skýrsluna til skrifstofu Evrópusambandsins SEP á þar til gerðum eyðublöðum
President's appeal	Verkefni sem forseti Alþjóðasambands Soroptimista velur á 2 ára starfstíma sínum (nefnist 10. desember verkefni)
Program areas (6)	Verkefnasviðin sex; alþjóðleg vinátta og skilningur, efnahagsleg og félagsleg þróun, heilbrigðismál, mannréttindi og staða konunnar, mennta og menningarmál, umhverfismál
Programme liason	Tengiliður verkefnasviða (yfirverkefnastjóri)
Project Five-O	Samstarf 5 kvennasamtaka, Business & Professional Women International, International Council of Women, International Federation of University Women, Zonta International og Soroptimist International
Scholarship Fund	Námstyrkjasjóður er ætlaður til að styrkja konur til framhaldsmenntunar og eða endurmenntunar. Umsóknareyðublað er á vefnum (sjá einnig sjá Handbók um Soroptimistahreyfinguna, 2003, s. 28 og 50)
SEP	Secrétariat Européé Permanent/European Permanent Secretariat Fastaskrifstofa Evrópusambands Soroptimista (SI/E) í Genf.
Single Clubs	Stakir klúbbar í löndum þar sem ekki er landssamband. Það þarf minnst 4 klúbba og 100 féлага til þess að mynda landssamband.
SI/A	Ameríkusambandið – Soroptimist International / Americas
SI/E	Evrópusambandið – Soroptimist International / Europe
SI/GB&I	Bresk-írska sambandið – Soroptimist International / Great Britain & Ireland
SI/SWP	Suð vestur Kyrrahafssambandið – Soroptimist International / South West Pacific
Soroptimist	Nafnið er úr latínu „soror“ og „optima“ þýtt sem <i>það besta fyrir konur („bestu systur“)</i>
The Link/Le Trait d'Union	Fréttablað Evrópusambandsins sem kemur út 4 sinnum á ári.
TIS	The International Soroptimist, fréttablað SI. Það er gefið út á ensku en einnig á frönsku af SI/E
UN reps	Soroptimistar sem eru fulltrúar samtakanna hjá Sameinuðu þjóðunum í New York, Genf, Vín, París, Róm og Nairobi
Webmaster	Umsjónarmaður með vefsíðu
Where we Stand	Afstaða SI í meira en 50 mikilvægum málum (sjá www.soroptimistinternational.org)

Heimild: Handbók um Soroptimistahreyfinguna. Reykjavík, Soroptimistasamband Íslands, 2003, s. 67.
Training Manual. Kirsten Sveder. 2nd edition 2008.

Þýtt og staðfært í janúar 2008.

Kristín Einarsdóttir og Sigríður Þórarinsdóttir.

Viðauki 1

PFR SKÝRSLUGERÐ – hvað, hvers vegna, hvernig og hvenær PROGRAMME FOCUS REPORTS (PFRs)

Hvað er PFR skýrsla?

PFR er skýrsla sem klúbbur eða landssamband getur lagt fram um verkefni sem er að hefjast, er í framkvæmd eða er lokið.

Verkefnaskýrsla er EKKI um fyrirlestra, 3 mínútna erindi, ferðalög, kynningar, samveru og fleira sem klúbbsystur taka sér fyrir hendur. Þessi atriði fara eins og áður í skýrslu formanna klúbba til forseta Landssambandsins í lok starfsárs.

Hvers vegna?

PFR skýrslur munu héðan í frá koma í stað skýrslna verkefnastjóra klúbba og landssambanda. Með þessu móti verða öll verkefni þekkt og aðgengileg, svo fremi PFR skýrsla hafi verið send. Soroptimistar í Evrópusambandinu, jafnt og í öðrum heimshlutasamböndum, hafa aðgang að og geta lesið skýrslur um leið og þær eru komnar inn í nýja gagnagrunninn. Fulltrúar Soroptimista hjá Sameinuðu þjóðunum og öðrum alþjóðastofnunum geta þá jafnframt fylgst með verkefnum okkar jöfnum höndum. Skýrslurnar geta einnig orðið öðrum innblástur og eru frábær kynning á verkum okkar. Þar að auki fara öll verkefni í gagnagrunn og keppa um *Best Practice Award*, verðlaun sem eru veitt á hverju ári fyrir besta verkefnið á hverju verkefnasviði.

Hvernig?

Með nýja gagnagrunninum sem Alþjóðasambandið (SI) hefur komið upp er auðvelt að senda Programme Focus skýrslurnar rafrænt (sjá lið a). Þeir sem ekki óska að senda rafrænt hafa aðra valkosti (sjá lið b).

A) Rafrænt í gegnum sérstakan skýrsluvef.

Fyrir þá sem senda skýrslur rafrænt beint í gagnagrunn SI er nauðsynlegt að hafa eftirfarandi aðgangsorð:

Notandanafn sie
Aðgangsorð geneva

Fara inn á <http://reports.soroptimistinternational.org> og fara inn á **Programme Focus Reporting System** (sjá aðgangsorð ofar) og ýta á **Submit Reports**. Fylla eins nákvæmlega út og hægt er í öll svæði á eyðublaðinu og ýta á **Submit**. Skýrslan skal vera á annað hvort ensku eða frönsku. Skýrsla sem er send fer fyrst til SEP þar sem hún er yfirfarin og samþykkt áður en hún er send áfram. Yfirfarin þýðir að hún er prófarkarlesin og stytta, ef þörf krefur, leiðréttar hugsanlegar tungumálavillur áður en hún er send áfram í gagnagrunninn. Innihaldi skýrslunnar verður á engan hátt breytt. Ef skýrsla er send inn á frönsku verður hún þýdd yfir á ensku.

B) Eyðublað sent sem viðhengi í tölvupósti

Hægt er að senda Program Focus skýrslu til skrifstofu SI/E, annað hvort sem viðhengi í tölvupósti eða í venjulegum pósti. Nota skal til þess gert eyðublað sem hægt að nálgast á vef Landssambandsins <http://www.soroptimist.is> eða á vef Evrópusambandsins www.soroptimisteurope.org. Fyllið eyðublaðið út á ensku eða frönsku og sendið í tölvupósti til pfr@soroptimisteurope.org eða í pósti á skrifstofu SEP. Starfsfólk á skrifstofu SEP mun sjá um að styttu, prófarkalesa, leiðrétta eða þýða og senda áfram.

Athugið að ávallt skal láta viðeigandi verkefnastjóra Landssambandsins og eða 1. varaforseta Landssambandsins vita þegar skýrsla er send til Evrópusambandsins. Verkefnastjórar klúbba geta unnið PFR skýrslur fyrst á á íslensku og fengið þær svo þýddar.

Hvenær?

Hægt er að senda inn PFR skýrslu hvenær sem er. Það eru engir eindagar eða tímamörk. Dæmi:

1. Verkefni er nýhafið og þið viljið að aðrir viti um það.
2. Verkefni miðar vel áfram og þið viljið láta vita hvernig gengur.
3. Verkefni er lokið og þið viljið upplýsa um árangurinn.

Ef um langtímaverkefni er að ræða er æskilegt að gera PFR skýrslu á t.d. 4-6 ára fresti, sérstaklega ef breytingar hafa orðið á verkefninu.

Dreifing PFR skýrslna

SEP sér um að senda afrit af PFR skýrslum sem þangað berast til viðkomandi verkefnastjóra Evrópusambandsins og til yfirverkefnastjóra hlutaðeigandi landssambands eða landssambandsforseta sem og yfirverkefnastjóra Evrópusambandsins.

Gangi ykkur vel!

Hafið það fyrir reglu að gefa skýrslu um verkefni ykkar klúbbs/landssambands svo SI/E verði þekkt fyrir að vera kraftmikið heimshlutasamband.

Geymið það ekki hjá ykkur sem þið gerið – deilið því með öðrum!!!